

# Teikning

Tveggja ára starfsnám / diplómanám

Hluti BA náms við erlenda samstarfsháskóla

**Skoðun, leit-myndheimur víkkaður út**

**Myndræn frásögn,**

**Uppsprettur og tengingar,**

**Sjálfstæði og styrkur.**

Höfundar námskrár: Sólveig Aðalsteinsdóttir, Áslaug Jónsdóttir, Halldór Baldursson, Anna  
Cynthia Leplar, Börkur Eriksson, Ingibjörg Jóhannsdóttir, CCP.

Myndlistaskólinn í Reykjavík

Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins

Unnið með styrk frá starfsmenntaáæltun Evrópusambandsins innan  
verkefnis Knowhow2

## Inngangur

Hér eru kynnt drög að námskrám tveggja nýrra námsbrauta í teikningu og textíl á fimmta stigi samkvæmt Evrópska viðmiðunarammanum (viðbótareiningar til háskólanáms). Námskrárnar eru unnar með tilstyrk starfsmenntaáætlunar Evrópusambandsins, Leonardo, gegnum verkefnið Knowhow2. Hinar tvær nýju námsbrautir eru hliðstæðar þriðju námsbrautinni, MÓTUN - leir og tengd efni sem var afrakstur fyrra verkefnis sem einnig var stutt gegnum starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins. Útskrifuðust fyrstu nemendur úr því námi vorið 2009.

Að verkefninu standa tveir skólar á Íslandi, Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins og Myndlistaskólinn í Reykjavík. Auk þess taka fjórir erlendir listaháskólar og háskólar þátt í verkefninu. Aðrir samstarfsaðilar eru mennta- og menningarmálaráðuneytið, CCP tölvuleikjaframleiðandi og STEiNUNN fatahönnunarfyrirtæki.

Í námskránum eru verklag, tækni og efni lögð til grundvallar sem leið til skapandi og virkrar nálgunar í námi. Námið er skipulagt með beinni tengingu við atvinnulífið. Lögð er áhersla á verklega og efnislega þekkingarleit, sem hvata til gagnrýnnar hugsunar, náms og nýsköpunar, stutt af fræðum og rannsóknum. Horft er til framtíðar þar sem sjálfbærni og virðing fyrir umhverfinu eru veigamiklir þættir. Eitt af markmiðum námsins er að nemendur séu færir um að skapa ný atvinnutækifæri þar sem nærliggjandi hráefni, samtímalistir og hefðir menningar og lista eru uppstaða í nýjan vef.

Nám þar sem efnisþekking og aðferðir eru lögð til grundvallar er mikilvæg viðbót við námsframboð á Íslandi og áhugavert og frjótt innlegg í umræðu um list- og verknám í Evrópu. Ljóst er að hefðbundin menntakerfi Vesturlanda byggja að miklu leyti á textum og tölum. Handverks- og verkmenntun hefur átt undir högg að sækja, einstaklingar sem búa yfir hæfileikum á sviði rýmis og efnis hafa alls ekki notið sín í hefðbundnu námi og hafa í sumum tilvikum flosnað upp í skólakerfinu.

Hið nýja nám mun ekki síst nýtast þeim sem finna sér ekki farveg í þeim námsmöguleikum sem bjóðast á Íslandi á þessu skólastigi þar sem hefðbundið bóknám er ríkjandi. Mikil þörf er fyrir fleiri námsleiðir á 4. þrepi menntunar fyrir allan þann fjölda sem útskrifast af list- og hönnunarbrautum framhaldsskólanna hérlendis. Um þessar mundir munu vera u.þ.b. eitt þúsund framhaldsskólanemar á list- og hönnunarbrautum framhaldsskólanna. Listaháskóli Íslands annar ekki nema litlum hluta þess unga fólks sem hefur hug á að feta veg hönnunar, nýsköpunar og lista. Eins og er munu það vera um 80 manns sem geta haldið áfram námi á sviði lista og hönnunar á næsta skólastigi fyrir ofan framhaldsskólastigið á hér á landi - í Listaháskóla Íslands. Í nýútkominni skýrslu Dr. Anne Bamford um listnám á Íslandi (desember 2009) er bent á að hérlendis stundar einungis þriðjungur nám í skapandi greinum á efri stigum miðað við sambærilegan fjölda í Bretlandi. Það er því ljóst að þarna þurfa Íslendingar að taka sig á því mörg tækifæri liggja ónotuð í þessum greinum hérlendis. Danir telja að skapandi nám af þessu tagi sé vaxtarbroddur atvinnulífsins næstu áratugi.

Þessi viðbót við námsleiðir á 4. þrepi mun auka við möguleika hvers og eins til þess að njóta skapandi hæfileika sinna, en jafnframt og ekki síður, auka möguleika samfélagsins alls til fjölbreyttrar atvinnu- og verðmætasköpunar og til eflingar nýju hugviti og hönnun sem stenst samanburð við gæði á alþjóðavísu.

### Meginmarkmið verkefnisins Knowhow2 er:

- að þróa, með þarfagreiningu og nánu samstarfi við aðila innan skapandi iðnaðar og sex skóla, tvær nýjar námsleiðir í teikningu og textíl.
- að byggja námið á löggjöf Evrópusambandsins um gæðaviðmið, EQF (European Qualification Framework) og finna þær gæðakröfur sem falla að þörfum aðila í skapandi greinum í teikningu og textíl.

### Meginafurðir eru:

- Tvær nýjar námsbrautir í teikningu og textíl byggðar á aðferðafræði Knowhow þar sem áhersla er lögð á mikilvægi ríkrar efnisþekkingar, frjós verklags og skapandi aðferða.
- Námsbrautir muni ganga út frá Evrópska gæðastaðlinum um menntun og verða fundin gæðaviðmið fyrir textíl og teikninám. Námsleiðir verða á fjórða stigi en með tengingu yfir á fimmta stig.
- Fundinn verður mælikvarði á verklegt nám í þeim löndum sem taka þátt. Þessi mælieining mun ýta undir hreyfanleika nemenda og vinnuafls og auka gegnsæi og gæði í list- og verknámi í Evrópu.
- Vettvangur skapast milli sex skóla auk fyrirtækja þar sem nemendur, starfsfólk og kennarar munu skiptast á reynslu og hugmyndum.

Þau drög sem hér eru kynnt verða að fullnum námsskrám þegar verkefninu Knowhow2 lýkur, haustið 2011. Áfangalýsingar verða unnar í samvinnu við samstarfsskólana og þá aðila sem þátt taka í verkefninu. Áfangar verða prufukeyrðir og þróaðir skólaárið 2010–2011 og afrakstur kynntur á alþjóðlegri ráðstefnu á Íslandi haustið 2011.

### Nám og kennsla

Textíl- og teikninámið samanstendur hvort um sig af fjórum sjálfstæðum námshlutum. Í hverjum námshluta, sem er ein önn, A, B, C og D er unnið út frá einni grunnhugsun sem leidd er í margar ólíkar áttir. Með þessum hætti eru möguleikar efnisins og aðferða skoðaðir út frá ólíkum sjónarhornum sem opna nýjar leiðir í útfærslu og hugmyndavinnu. Vettvangur er skapaður fyrir frjóa umræðu þar sem kallaðir eru til fræðimenn og fagfólk úr ólíkum áttum til að kenna og gefa innsýn í umfjöllunarefnið hverju sinni. Hver önn hefur því sinn keim og áherslur sem stjórnast af þeirri grunnhugsun sem lagt er upp með og því fagfólki sem valið er til að leiða þá vinnu.

Mikil áhersla er lögð á tengsl við starfandi listamenn og hönnuði og að nemendur öðlist góða yfirsýn á margvíslega atvinnumöguleika og þær kröfur sem gerðar eru á hverjum vettvangi. Í uppbyggingu teikni- og textílnámsins voru gerðar kannanir á þörfum atvinnuveganna á Íslandi, í Noregi, í Danmörku, í Skotalandi og Englandi. Einnig hafa verið tekin viðtöl við þá sem starfa í greinunum. Tvö leiðandi fyrirtæki á Íslandi komu að hugmyndavinnu vegna hins nýja náms, CCP tölvuleikjaframleiðandi og fatahönnunarfyrirtækið STEiNUNN. Með þessu móti eru tryggð sjónarmið atvinnugreinanna í uppbyggingu námsins. Þessir aðilar munu einnig koma að náminu með kennslu, heimsóknnum, gagnrýni í yfirferð og umræðum um námið.

Á hverju misseri eru nemendur í nokkrum áföngum samhliða og getur vinna áfanga í sumum tilvikum fléttast saman í lokaniðurstöðu misseris sem getur verið sýning eða einhvers konar útgáfa svo dæmi sé tekið.

### Inntökuskilyrði

Þegar nemandi hefur nám í teikningu og textíl er gert ráð fyrir að hann hafi lokið námi á listnámsbrautum framhaldsskólanna eða sambærilegu og og búi yfir eftirfarandi færni:

Geti skapað verk þar sem beitt er persónulegri úrvinnslu og frumkvæði og hugmynd komið á framfæri af nokkru sjálfstæði og ábyrgð.

Geti greint styrk sinn og sérstöðu og sjái fjölbreytta möguleika í áframhaldandi verkefnum.

Geti greint verk sín og tengt við orðræðu, tíðaranda og sögu á sínu áhugasvið.

Geti fjallað um verk sín og hugmyndir á vitsmunalegan og skapandi hátt þar sem rými er gefið fyrir tilfinningu og innsæi.

Umsækjandi skal leggja fram gögn til sönnunar á ofangreindri getu í formi möppu og greinargerðar (sjá nánar umsóknargögn). Sérstök nefnd fer yfir umsóknargögn fyrir hvora deild um sig. Í henni sitja skólastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík, skólastjóri Hönnunar- og handverksskóla Tækniskólans og fagstjórar viðkomandi sviða.

## Uppbygging náms

Hver námshluti er stakur og er hægt að hefja nám í hverjum hluta fyrir sig.

Við lok námstímans skal nemandi skila ritgerð þar sem tekin er saman sú þekking, færni og hæfni sem hann hefur aflað sér og gerð grein fyrir þeim persónulegu tókum sem nemandi hefur þroskað með sér á námstímanum. Einnig skal koma fram haldgóður skilningur og þekking á því starfssviði sem hann hyggst hasla sér völl á eða hvernig hann hyggst dýpka þekkingu sína í áframhaldandi námi.

Nemendur eru útskrifaðir af Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins en námið fer fram í Myndlistaskólanum í Reykjavík (100 fein einingar) og í Tækniskólanum (20 fein einingar). Námið í Myndlistaskólanum snýr að sérfrægum þáttum en námið í Tækniskólanum að sameiginlegum þáttum og þáttum sem Tækniskólinn hefur sérþekkingu á, eins og kennslu í viðskiptagreinum, kennslu í tölvutengdum greinum og hönnunarsögu.

Í sumum áföngum er gert ráð fyrir því að nemendur vinni án kennslu og þjálfari ákveðnar aðferðir upp á eigin spýtur til að ná þeirri færni sem nauðsynleg er. Eiginleg kennsla á hverri önn er 500 – 600 kennslustundir. Kennnt er 17 vikur á hverri önn. Ein vika er ætluð í námsmat, uppsetningu og frágang verkefna og yfirferð í lok hvers misseris.

## Námsmat

Tilgangur námsmats er að veita nemanda leiðsögn um að hve miklu leyti hann hefur tileinkað sér þau markmið sem sett eru fram í viðkomandi áföngum og að hann tileinki sér auk þess skýra sýn á eigin getu og styrk.

Í áfangalýsingum er útfært hver námsmarkmið áfangans eru og hvernig nemendur geta náð þeim markmiðum.

Námsmat er margháttað; símat á vinnu nemenda yfir námstímann, mat á úrlausnum í lok áfanga, ritgerðaskil og greinargerðir nemenda í skriflegu og munnlegu formi og verk sem nemendur vinna. Í verkefnaskilum er áhersla lögð á samvinnu nemenda og að þeir leiti einnig samstarfs við aðila úti í samfélaginu og í öðru námi á sambærilegu skólastigi. Einnig er gert ráð fyrir að nemendur haldi utan um vinnu sína með vefdagbók sem þjónar þeim tilgangi að vera ferilskrá um verkefnavinnu nemenda í skólanum þegar út á vinnumarkað er komið. Á hverri önn tekur nemandi þátt í sýningu fyrir utan skólann og leggur þar fram verk sín og tilraunir. Með þessu móti fær nemandinn meiri fjarlægð á eigin verk og sér þau í samhengi við verk samnemenda sinna. Einnig gefst gott tækifæri til samræðu við fagaðila og almenning um verkin.

Mikilvægt er að nemandi hafa glögga sýn á eigin getu og sérstöðu. Því er sjálfsmat órjúfanlegur þáttur af námsmati. Nemandi fer ýtarlega yfir verk sín í lok hvers misseris og fær ekki afhent mat kennara á frammistöðu sinni fyrr en hann hefur sjálfur lagt sambærilegt mat á nám sitt. Ef mikið ber á milli í mati kennara á frammistöðu og mati nemanda á eigin getu skal fagstjóri deildar ræða við nemanda og kennara.

## Mat á skólastarfi: SJÁLFSMAT – INNRA OG YTRA MAT

Tilgangur mats á starfi skólans er að þróa og bæta námið eins og kostur er með endurgjöf frá nemendum og frá fagaðilum innanlands og utan. Innra mat felst bæði í mati nemenda á gæðum kennslu og aðbúnaði og sjálfsmati starfsmanna skólans á skólastarfinu og gæðum þeirra verka sem nemendur skila. Ytra mat felst í mati utanaðkomandi aðila á uppbyggingu námsins, starfsháttum og árangri. Sem dæmi um innra og ytra mat má nefna eftirfarandi.

Nemendur leggja fram nafnlaust mat á kennslu, uppbyggingu náms og skipulagi í hverjum áfanga fyrir sig. Matið sér viðkomandi kennari og skólastjóri. Skal áfangamatið tekið saman í annarlok af skólastjóra Myndlistaskólans og rætt á opnum fundi með fagstjórum, kennurum og nemendum þar sem leitað verður leiða til að þróa og bæta námið eins og kostur er og skýr og mælanleg markmið sett fram um umbætur í hverri deild fyrir sig og eða skólastarfinu í heild.

Úrlausnir nemenda í lok hvers áfanga eru yfirfarnar af kennara og deildarstjóra. Við lok tveggja ára námstíma eru niðurstöður yfirfarnar af utanaðkomandi prófdómara sem starfar innan þeirrar greinar sem við á. Einnig munu erlendir samstarfsskólar Myndlistaskólans og Tækniskólans taka þátt í mati á lokaverkefni nemenda – annaðhvort með beinni þátttöku eða með samskiptum gengum netið. Með þessu móti gefst gott tækifæri til að kalla fram sjónarmið fagfólks innan greinanna og nýta til að þróa og bæta námið.

Þegar námsskrá er fullgerð er öllum áföngum skipað á þrep samkvæmt íslenska viðmiðunarrámanum um menntun (ÍVR) og mun Menntamálaráðuneyti yfirfara og viðurkenna þá skipan. ÍVR er tengdur við Evrópska viðmiðunarrámann svo gegnsæi og mat á náminu sé tryggt gagnvart áframhaldandi námi í öðrum löndum. Með þessu móti er einnig tryggt að námið sé að gæðum og innihaldi sambærilegt því námi sem er á sama þrepi í nágrannalöndum. Menntamálaráðuneytið tryggir að markmiðum og viðeigandi starfsháttum sé fylgt með úttekt sem gerð er á starfsháttum skólans á nokkurra ára fresti. Undirstaða þeirrar úttektar er ítarleg sjálfsmatsskýrsla skólans sem samin er á grundvelli sjálfsmatssáætlunar sem birt er á heimasíðu hans, til þriggja ára í senn og uppfærð árlega. Á heimasíðu sinni setur skólinn fram sjálfsmatsskýrslu ár hvert þar sem fram kemur innra mat á skólastarfi og með hvaða hætti eigi að vinna að úrbótum.

### **Staða nemanda að loknu námi**

Við lok náms skal nemandi geta starfað innan þess sérsviðs sem hann hefur einbeitt sér að í náminu og er nánar tilgreint í lýsingu og markmiðum í hverri deild fyrir sig. Einnig mun útskrifuðum nemanda standa til boða að stunda áframhaldandi nám í samstarfsskólum. Nemandi hefur þá möguleika á að sækja um 3 ár í BA eða BA honors námi í Danmörku, Noregi, Skotlandi eða Englandi.

Meginmarkmið eru tilgreind í lýsingu á hverri deild fyrir sig og í hverjum námshluta. En fyrir allar deildir gilda þau lokamarkmið að nemandinn

- hafi skýra sýn á hvar styrkur hans liggur og þar af leiðandi hver starfsvettvangur hans verður,
- hafi þróað tæknilega getu og persónulega listræna afstöðu sem dugar til að hasla sér völl á sínu sérsviði,
- geti leitt umræðu á sínu sérsviði,
- geti nýtt sér orðræðu, tíðaranda og fræði sinnar greinar sem grunn fyrir eigin verk, til rökræðu verkum sínum til framdráttar, til að kynna eigin verk og til að setja verk sín í samhengi,
- hafi haldgóða þekkingu á ólíkum starfsmöguleikum og geti unnið með öðrum fagaðilum og deilt hugmyndum sínum og unnið í hóp,

## Teiknideild

Megninmarkmið náms:

- að nemandi styrki og þroski skilning sinn á teikningu, eflni færni í myndrænni vinnslu
- að nemandi öðlist færni í teikningu og fjölbreyttum vinnubrögðum við myndsköpun
- að nemandi öðlist skilning á myndrænni frásögn og tungumáli sjónrænnar miðlunar
- að nemandi geti túlkað hugmyndir og upplýsingar og miðlað þeim á myndrænan, hagnýtan hátt.

Áhersla er lögð á:

- færni nemanda í grundvallaratriðum myndsköpunar, teikningu og myndrænni frásögn
- frjóa hugmyndavinnu sem styrkir sérstöðu og sjálfstæð vinnubrögð nemandans
- þekkingu nemanda á sögu og þróun teiknifagsins og þátt þess í menningu og samfélagi
- hæfni nemanda til greinandi og gagnrýnnar skoðunar á umhverfi sínu og hefðum
- færni nemanda í túlkun hugmynda, miðlun upplýsinga og myndrænni frásagnarlist
- hæfni nemanda til að setja fram hugmyndir sínar, efla samstarf og tengingar – bæði innan námsins með hópvinnu og í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir.

Í teiknináminu skapast vettvangur þar sem áhersla er á að tengja persónulega sköpun við þarfir stórra og smárra fyrirtækja. Horft er til teiknihefðar Íslands og til möguleika í nýjustu aðferðum sem tölvumiðlar bjóða upp á. Byggt er á sérstöðu landsins í sögu og hefðum en einnig nýttir möguleikar hins smáa samfélags þar sem auðveldlega má mynda ný og áhugaverð tengsl milli ólíkra sviða þjóðlífsins (framleiðslufyrirtæki, listamenn, hönnuði, menningarlífið og skólakerfið)

Útskrifaðir nemendur geta unnið við teikningu og hugmyndavinnu hjá tölvuleikjafyrirtækjum, við teiknimyndagerð hjá kvikmyndafyrirtækjum og sem sjálfstæðir teiknarar fyrir útgáfufyrirtæki og inni á auglýsingastofum.

| A - 1. Önn   |                                  |                     |                      |
|--|----------------------------------|---------------------|----------------------|
| módelteikning  |                                  |                     |                      |
| hlutateikning  |                                  | umhverfi og náttúra |                      |
| SKOÐUN / ÞJÁLFUN / MYNDIN Í UMHVERFINU / TÆKNI OG AÐFERÐIR |                                  |                     |                      |
| teikniáðferðir   | grafískar aðferðir               | litir               | myndbygging          |
| skissubókin  | blaðateikninga/                  | myndlýsinga         | leiðb.teikninga/plak |
| skissubók / myndablogg / verkefnaþróun                     |                                  |                     |                      |
| FYRIRLESTRAR / SKRIFLEG VERKEFNI / HÓPVERKEFNI             |                                  |                     |                      |
| Listasaga: teiknarar og frásagnarmálverkið                 | Listasaga: tækni og teiknistílar | Saga myndlýsinga    | Saga myndasagna      |

## Námshluti A.

### Skoðun, leit - myndheimur víkkaður út

Hvar er teikningin í umhverfinu, frá upphafi til dagsins í dag? Skoðum handritateikningar á Árnastofnun og teikningar sem eru flokkaðar sem skjöl á Þjóðskjalasafni, teikningu í útskurði muna á Þjóðminjasafni auk teikningarinnar í umhverfinu í dag, t.d. í leiðbeinandi teikningum, með meðalaglösum, á mjólkurförnum, umferðarskiltum og í öðrum myndrænum framsetningum.

Niðurstöður skoðunar eru nýttar til sköpunar myndheims og karaktera með það að markmiði að nemandi sjái nýja möguleika í myndsköpun og efla vitund um umhverfi sitt.

#### Megintengsl/vettvangur:

- nærumhverfið
- handritalýsingar á Árnastofnun
- teikningar og skjöl á Þjóðskjalasafni
- teiknimyndin Thor, Caoz

#### Verklegt nám:

- módelteikning- hlutateikning-náttúra og umhverfi
- tækni og aðferðir í tengslum við verkefni annarinnar
- litir - notkun – grunnhugtök, sálfræði og tákfræði lita
- myndbygging
- grafískar aðferðir, þurrnál, æting, silkiprent
- stop-motion /hreyfimynd
- skissubókin alltaf virk (stop motion verkefni úr skissubók)
- verkefni tengd yfirskrift annarinnar,t.d. leiðbeinandi teikningar (plakat) myndlýsing/veggverk/upphafskreyti/inngangur(blaðateikning)
- skissubók, hugmyndaþróun, myndblogg/vefur-val úr verkefnaöppu, samvinna.

#### Fræðilegt nám:

- saga manns og hlutar
- saga myndlýsinga, listasaga/tækni og teiknistílar
- myndlestur og tákfræði
- saga myndasagna

#### Markmið:

- nemandi kynnist, rannsaki og greini ferli teikningarinnar frá söguöld til dagsins í dag
- nemandi efla færni sína í grundvallaratriðum myndgerðar, teikningu og myndrænni frásögn
- nemandi kynnist grafískum og klassískum aðferðum til myndsköpunar og þróa að niðurstöðu
- nemandi hafi þekkingu á hugmyndasögu í tengslum við grein sína
- nemandi geti sett viðfangefnið í sögulegt samhengi
- nemandi efla sína persónulegu hæfni, geti deilt hugmyndum sínum og unnið í hópvinnu
- nemandi kynnist þeim tækifærum sem felast í teikningunni sem skapandi iðnaði

## B - 2. Önn

|  |                                 |                          |               |
|--|---------------------------------|--------------------------|---------------|
| módelteikning  |                                 |                          |               |
| dýr  |                                 | fólk í rými              |               |
| TÚLKUN Í TEIKNINGU / MYNDRÆN FRÁSÖGN / TÆKNI OG AÐFERÐIR               |                                 |                          |               |
| skýringarmyndir  | letur og skrift                 | mynd og frásögn          | photoshop     |
| kort / bæklingur   | bókarkápa                       | myndlýsing               | myndasaga     |
| skissubók / myndablogg / verkefnamappa sýni hugmynda- og verkefnaþróun |                                 |                          |               |
| FYRIRLESTRAR / SKRIFLEG VERKEFNI / HÓPVERKEFNI                         |                                 |                          |               |
| Saga teikni- og hreyfimynda  | Hönnunarsaga - grafískir miðlar | Myndlestur og táknafræði | Textagreining |

### Námshluti B.

#### Myndræn frásögn.

Unnið með frásögnina í gegnum margvíslega teiknimíðla og aðferðir, ljós og lýsingu, myndbyggingu, andrúmsloft og stemningu. Áhersla er lögð á að myndgera hugmyndaheima, sköpun karaktera, frásagnarmátt myndarinnar, skapandi skrif og myndskeið. Verkefni taka mið af aðfengnum texta. Í lok annar skal nemandi stefna að skilum á nokkrum verkum sem sýna fram á hæfni hans til að takast á við ólík markmið og stíla.

#### Megintengsl/vettvangur :

- ungir rithöfundar/ungskáld
- skapandi skrif í Háskóla Íslands
- teiknimyndasögur
- námsgagnastofnun

#### Verklegt nám:

- módelteikning, fólk, dýr í rými
- tækni og aðferðir í tengslum við verkefni annarinnar
- letur og skrift
- tengsl mynda og texta
- adobe photoshop
- mynd og frásögn
- kort/bæklingur, bókarkápa, myndasaga
- skissubók, hugmyndaþróun, myndblogg/vefur-val úr verkefnamöppu, samvinna

#### Fræðilegt nám:

- listasagan í gegnum teiknara og frásagnarmálverkið
- saga teikni- og hreyfimynda
- hönnunarsaga-grafískir miðlar
- textagreining

#### Markmið:

- nemandi auki færni sína í teikngu módels/dýra í umhverfi, rými
- nemandi geti yfirfært skrifaða frásögn yfir í myndræna frásögn
- nemandi geti skapað sannfærandi karaktera og myndheima

- nemandi geti skapað andrúm sem hæfir verkefni, ljós, skuggi, lýsing
- nemandi geti útskýrt með einfaldri teikningu flókna athöfn
- nemandi þrói með sér stílbrigði sem henti ólíkum viðfangsefnum
- nemandi geti nýtt sér listasöguna sem uppsprettu stíla og aðferða
- nemandi geti nýtt sér teikniforrit/tölvu sem verkfæri

| C - 3. önn   |                            |                     |           |
|--|----------------------------|---------------------|-----------|
| módelteikning  |                            |                     |           |
| ÞRÓUN / PERSÓNULEGUR HUGMYNDAHEIMUR / TÆKNI OG AÐFERÐIR                |                            |                     |           |
| stafræn myndvinnsla / líósmvndun / teikniforrit                        |                            |                     |           |
| <i>bókalýsingar</i>  | <i>teiknimyndasögur</i>    | <i>tölvuleikir</i>  |           |
| <i>skýringarmyndir</i>   | <i>tölvuforrit og</i>      | <i>hreyfimyndir</i> |           |
| skissubók / myndablogg / verkefnamappa sýni hugmynda- og verkefnaþróun |                            |                     |           |
| FYRIRLESTRAR / SKRIFLEG VERKEFNI / HÓPVERKEFNI                         |                            |                     |           |
| Bókarhönnun -<br>grafísk hönnun  | Prenttækni og<br>fráeaneur | Hugmyndafræði       | Heimspeki |

## Námshluti C.

### Uppsprettur og tengingar.

Samþætting hefðbundinna miðla og tölvu ásamt því að róa á innri mið í myndsköpun.

Rými hugarheimsins, uppsprettur og tengingar hugmyndanna skoðaðar í ljósi heimspeki og hugmyndasögu. Lögð er áhersla á að nemandi gefist tími til persónulegrar framköllunar í verkefnalausnum og viti í lok annar hvar styrkur hans liggur og hvert hann stefnir.

Í þessum áfanga er áhersla á kynningu og kennslu þeirra tölvuforríta sem nýtt eru í skapandi iðnaði.

Starfsvettvangur teiknarans kynntur og velt upp hvaða starfsmöguleika er hægt að skapa sér. Við hvað vinnur teiknarinn? Heimsóknir á vinnustaði, kynningar á markaðinum og einnig kynningar á skólum til framhaldsnáms.

Kennt í Margmiðlunarskólanum:

- Tölvuforrit og hreyfimyndir.

Kennt í Myndlistaskólanum í Reykjavík:

Megintengsl/vettvangur :

- bóklýsingar, teiknimyndasögur, tölvuleikir, hreyfimyndir, skýringarmyndir
- heimsóknir í fyrirtæki
- starfskynningar
- CCP. Tölvuleikjafyrirtæki
- ICI, Icelandic Game Industry

**Verklegt nám:**

- módelteikning
- tækni og aðferðir – samþætting hefðbundinna miðla og nýrri miðla
- tví- og þrívíddar teikniforrit
- hreyfimyndaforrit
- starfskynning
- skissubók, hugmyndaþróun, myndblogg/vefur-val úr verkefnamöppu, samvinna

**Fræðilegt nám:**

- heimspeki/fyrirbærafræði
- bókahönnun
- grafísk hönnun
- prenttækni og frágangur
- hugmyndafræði

**Markmið:**

- nemandi dýpki færni sína í teikningu og efli sinn hugmyndaheim út frá persónulegri sýn og afstöðu
- nemandi geti rætt ferli hugmynda sinna og annarra á gagnrýninn hátt
- nemandi geti greint hugmyndir sínar í ljósi heimpeki og hugmyndasögu og sett þær þannig í stærra samhengi
- nemandi þekki þau tölvuforrit sem nýtt eru í greininni og vitir hvernig samstarfi er háttað við fagmenn í stafrænni vinnslu
- nemandi geti unnið verkefni á stafrænan máta og ná valdi á undirstöðuatriðum í faglegum frágangi á stafrænu formi
- nemandi tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð og sýn á viðfangsefni
- nemandi þekki hvar styrkur hans liggur og viti hvert hann vill stefna

| D - 4. Önn   |  |                          |                            |
|--|--|--------------------------|----------------------------|
| starfskynning  | samstarf við fyrirtæki / ráðgjafa / mentor   |                          |                            |
| TIÁNING / MIÐLUN / SAMVINNA / TÆKNI OG AÐFERÐIR                        |  |                          |                            |
| handritsgerð   | samstarf við fyrirtæki   | viðskiptaumhvefi         |                            |
| hugmyndaþróun  | Sérhæfing - Lokaverkefni 4. annar:<br>t.d. myndabók - myndasaga - kynningarefni - skúrinaarefni - hreyfimynd - annað |                          |                            |
| heimildarvinna   |  |                          |                            |
| skissubók / myndablogg / verkefnamappa sýni hugmynda- og verkefnaþróun |  |                          |                            |
| FYRIRLESTRAR / SKRIFLEG VERKEFNI / HÓPVERKEFNI                         |  |                          |                            |
| Síðfræði og höfundarréttur   | Gerð portofolio og kynningarefnis  | Viðskipti og samningaerð | Framhaldsskólar og stvrkir |

## Námshluti D.

### Sjálfstæði og styrkur.

Sjálfstæði og persónulegur styrkur. Frá hugmynd að lokaverki. Áhersla þessarar annar er á sjálfstæða verkefnavinnu. Fjallað verður um handritagerð og hugmyndavinnu.

Verkefni verður unnið sjálfstætt í tengslum við ákveðið fyrirtæki eða sem samstarfsverkefni nokkurra teiknara, eða í þverfaglegu teymi með nemendum úr öðrum skólum, t.d. Margmiðlunarskólanum. Verkefni nemanda skal unnið í samstarfi við markaðinn.

Í upphafi verkefnavinnu skal nemandi leggja fram hugmynd og verkáætlun.

#### Megintengsl/vettvangur:

- hugmyndaþróun
- heimildavinna
- handritsgerð
- myndasaga
- skýringarmyndir
- hreyfimynd
- tölvuleikur
- samstarf við fyrirtæki
- viðskiptaumhverfið
- Margmiðlunarskólinn

#### Verklegt nám:

- hugmyndaþróun og heimildarvinna
- handritsgerð
- tvívíddar teikniforrit, þrívíddarforrit
- diplómaverkefni: myndabók, myndasaga, kynningarefni, skýringarefni, hreyfimynd, tölvuleikur/grafík
- skissubók, hugmyndaþróun, myndblogg/vefur-val úr verkefnamöppu, samvinna

#### Fræðilegt nám:

- viðskiptakúrs Imprá, (sameiginlegt nám með Mótun og Textíleild)
- siðfræði og höfundarréttur
- viðskipti og samningagerð
- portfólíó og kynningarefni
- framhaldsskólar og styrkir
- skissubók virk í gegnum allt námið

#### Markmið:

- nemandi þekki helstu vinnuferla greinarinnar
  - nemandi kunni að nýta sér ólíka sérþekkingu mismunandi fagmanna innan greinarinnar
  - nemandi sé gagnrýnn og geti þróað skapandi hugmynd sína innan þess ramma sem fyrirliggjandi verkefni setur honum
  - nemandi geti deilt hugmyndum sínum og unnið í hópvinnu
  - nemandi þekki rétt sinn og þær siðfræðilegu reglur sem gilda í skapandi iðnaði
  - nemandi geti unnið raunhæfa verk- og fjármögnunaráætlun
-